

Eyrarbakka þann 23 júlí 2021

Bæjarráð Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Efni: Samningur vegna fornleifarannsóknar og uppgrافتar á Vesturbúðarhól Eyrarbakka

Samkvæmt ákvörðun Minjastofnunar er forsenda framkvæmda á Vesturbúðarhól að gerð verði fornleifarannsókn og uppgröftur á Vesturbúðarhól. Fyrsti þáttur þess þ.e. áfanga I, fór fram sumarið 2019. Annar þáttur áfanga I mun fara fram nú í lok sumars er Ragnheiður Gló fornleifafræðingur mun á ný hefja uppgröft og rannsóknir á hólnum. Vesturbúðarfélagið fékk styrk úr Fornminjasjóð að upphæð kr. 2.5 m.kr. í ár og mun hann að fullu nýttur til að fjármagna verkið. Verkefnið er umfangsmikið og nauðsynlegt að sækja aukið fé til að vinna hraðar að verkefninu.

Óskar Vesturbúðarfélagið eftir stuðning sveitarfélagsins til þessa verks með gerð samnings til tveggja ára. Óskað er eftir stuðning að upphæð 2.5 m.kr. fyrir hvort ár.

Íbúar í Árborg hafa af því verulega hagsmuni að Vesturbúðin verði endurreist. Í dag er svæðið sár í hjarta byggðarinnar á Eyrarbakka en með endurbyggingu Vesturbúðarinnar mun það sár eiga möguleika á að gróa. Sögulegt mikilvægi Vesturbúðarinnar er verulegt og með endurbyggingunni mun byggingin verða eitt af djásnum Eyrarbakka og verndarsvæðis í byggð.

Það er öllum byggðum mikilvægt að hafa kjölfestu. Stað þar sem íbúar geta komið saman. Stað þar sem ferðamenn jafnt innlendir sem erlendir sjá ástæðu til að stoppa, skoða og njóta. Vesturbúðin verður slíkur staður. Með endurbyggingu og starfsemi í Vesturbúðinni kemur slíkur staður á Eyrarbakka. Starfsemin mun skapa byggðinni verulegar tekjur og fjölda starfa. Með starfseminni er skotið frekari stoðum undir þá starfsemi sem nú þegar er í byggðinni, s.s. veitingasölu, gistingu, dagvöruverslun o.fl. Starfsemin mun auk þess og án efa efla einnig og styðja við starfsemi Byggðasafns Árnassýslu.

Með fjölgun gistirýma, veitingastaða og annari þjónustu sérstaklega á Selfossi er nauðsynlegt að fjölga afþreyingarmöguleikum innan Árborgar. Vesturbúðin verður mjög mikilvægur þáttur í að styðja við og efla afþreyingarmöguleika innan sveitarfélagsins alls.

Vesturbúðin mun vera öflugur viðkomustaður þeirra sem fara hina nýju Vitaleið. Ferðamálastofa áætla að 5.3% allra ferðamanna sem heimsækja Ísland komi við á Eyrarbakka. Vesturbúðin mun vera viðkomustaður þessa fjölda og styðja við að dvöl þeirra í Árborg verði sem ánægjulegust og að fólk stoppi sem víðast í sveitarfélaginu.

F.h. Vesturbúðarfélagsins



Guðmundur Ármann Pétursson